

Sp.

772. Þingsályktun

[13. mál]

um orlofsbúðir fyrir almenning.

(Afgreidd frá Sp. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að kanna og gera tillögur um hvaða jarðeignir í eigu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga.

Nefndin skal skila skýrslu um niðurstöður til Alþingis.